

Héraðsnefnd
Árnesinga bs.

Ársreikningur 2018

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og áritun fulltrúaráðs.....	3
Áritun óháðs endurskoðanda	4
Rekstrarreikningur.....	6
Efnahagsreikningur.....	7
Sjóðstreymisyfirlit.....	8
Skýringar.....	9

Skýrsla og áritun fulltrúaráðs

Héraðsnefnd Árnesinga bs. er byggðasamlag og er verkefni þess að annast yfirstjórn tiltekinna stofnana fyrir hönd sveitarfélaga sem eru aðilar að byggðasamlaginu. Auk þess annast byggðasamlagið önnur verkefni sem aðildarsveitarfélögin fela því.

Aðild að byggðasamlaginu eiga sveitarfélög í Árnessýslu, Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær, Sveitarfélagið Ölfus, Flóahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur og Hrunamannahreppur.

Rekstrarniðurstaða byggðasamlagsins á árinu 2018 var jákvæð að fjárhæð 0,4 millj. kr. Eigið fé byggðasamlagsins var 4,2 millj. kr. í árslok 2018 samkvæmt efnahagsreikningi.

Á árinu voru greidd laun að fjárhæð 3,2 millj. kr. auk launatengdra gjalda að fjárhæð 0,5 millj. kr.

Fulltrúaráð Héraðsnefndar Árnesinga bs. staðfestir hér með ársreikning byggðasamlagsins fyrir árið 2018 með undirritun sinni.

Árnesi, 10. maí 2019.

Fulltrúaráð:

Fjárhaldsmaður:

Áritun óháðs endurskoðanda

Til fulltrúaráðs Héraðsnefndar Árnesinga bs.

Áritun um endurskoðun ársreikningsins

Álit

Við höfum endurskoðað ársreikning Héraðsnefndar Árnesinga bs. fyrir árið 2018. Ársreikningurinn hefur að geyma rekstrarreikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af fjárhagsstöðu Héraðsnefndar Árnesinga bs. 31. desember 2018 og afkomu hennar og breytingu á handbæru fé á árinu 2018, í samræmi við lög um ársreikninga.

Grundvöllur álits

Við endurskoðuðum í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Ábyrgð okkar samkvæmt stöðlunum er lýst frekar í kaflanum *Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins* í árituninni. Við erum óháð Héraðsnefnd Árnesinga bs. í samræmi við siðareglur fyrir endurskoðendur, International Ethics Standards Board for Accountants Code of Ethics for Professional Accountants (IESBA Code) og siðareglur fyrir endurskoðendur á Íslandi og höfum uppfyllt aðrar siðferðisskyldur okkar í samræmi við þær reglur og IESBA Code. Við teljum að við höfum aflað nægilegra og viðeigandi endurskoðunargagna til að byggja álit okkar á.

Ábyrgð fulltrúaráðs og fjárhaldsmanns á ársreikningnum

Fulltrúaráð og fjárhaldsmaður eru ábyrg fyrir gerð og glöggri framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga og fyrir því innra eftirliti sem þau telja nauðsynlegt til að gera þeim kleift að setja fram ársreikning sem er án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Við gerð ársreikningsins ber fulltrúaráði að leggja mat á rekstrarhæfi Héraðsnefndar Árnesinga bs. og upplýsa, eftir því sem við á, um þætti er varða rekstrarhæfi og miða grundvöll reikningsskilanna við áframhaldandi rekstrarhæfi, nema það ætli annað hvort að leysa Héraðsnefnd Árnesinga bs. upp eða hætta starfsemi nefndarinnar, eða hafa engan annan raunhæfan kost en að gera það.

Framkvæmdastjórn og fjárhaldsmaður skulu hafa eftirlit með gerð og framsetningu ársreikningsins.

Ábyrgð endurskoðanda á endurskoðun ársreikningsins

Markmið okkar eru að öðlast hæfilega vissu um hvort ársreikningurinn í heild sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, og að gefa út áritun endurskoðanda sem inniheldur álit okkar. Í hæfilegri vissu felst áreiðanleiki en ekki trygging fyrir því að endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla muni alltaf leiða í ljós verulega annmarka ef þeir eru fyrir hendi. Annmarkar geta komið fram vegna sviksemi eða mistaka og eru taldir verulegir ef þeir einir og sér eða samanlagt gætu haft áhrif á efnahagslegar ákvarðanir sem notendur ársreikningsins taka á grundvelli hans.

Við endurskoðun í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla beitum við ávallt faglegri dómgreind og viðhöfum faglega gagnrýni. Að auki:

- Greinum við og metum hættu á verulegri skekkju í ársreikningnum, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka, skipuleggjum og framkvæmum endurskoðunaraðgerðir til að bregðast við þeirri hættu og öflum endurskoðunargagna sem eru nægjanleg og viðeigandi til að byggja álit okkar á. Hættan á að uppgötva ekki verulega skekkju vegna sviksemi er meiri en að uppgötva ekki skekkju vegna mistaka, þar sem sviksemi getur falið í sér samsæri, fölsun, að einhverju sé viljandi sleppt, villandi framsetningu eða að farið sé framhjá innra eftirliti.
- Öflum við skilnings á innra eftirliti, sem varðar endurskoðunina, til að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til að veita álit á virkni innra eftirlits nefndarinnar.
- Metum við hvort reikningsskilaaðferðir og reikningshaldslegt mat stjórnenda og tengdar skýringar séu viðeigandi.

Áritun óháðs endurskoðanda, frh.:

- Ályktum við um hvort notkun fulltrúaráðs á forsendu reikningsskilanna um rekstrarhæfi sé viðeigandi og metum, á grundvelli endurskoðunarinnar, hvort aðstæður séu til staðar sem valdið gætu verulegum vafa um rekstrarhæfi Héraðsnefndar Árnesinga bs. Ef við teljum að verulegur vafi leiki á rekstrarhæfi ber okkur, í áritun okkar, að vekja sérstaka athygli á viðeigandi skýringum ársreikningsins eða, ef slíkar skýringar eru ófullnægjandi, að víkja frá fyrirvaralausri áritun. Niðurstaða okkar byggir á endurskoðunargögnum sem aflað er fram að dagsetningu áritunar okkar. Samt sem áður geta atburðir eða aðstæður í framtíðinni gert Héraðsnefnd Árnesinga bs. órekstrarhæfa.
- Metum við framsetningu, uppbyggingu og innihald ársreikningsins í heild, að meðtöldum skýringum, og hvort ársreikningurinn gefi glögga mynd af undirliggjandi viðskiptum og atburðum.

Við upplýsum fulltrúaráð meðal annars um áætlað umfang og tímasetningar endurskoðunarinnar og veruleg atriði sem upp kunna að koma í endurskoðun okkar, þar á meðal verulega annmarka á innra eftirliti.

Staðfesting vegna annarra ákvæða laga

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104 gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu fulltrúaráðs sem fylgir þessum ársreikningi eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Selfossi, 10. maí 2019.

KPMG ehf.

Rekstrarreikningur árið 2018

	Skýr.	2018	Fjárhagsáætlun 2018	2017
Rekstrartekjur				
Framlög aðildarsveitarfélaga	6	117.624.000	117.624.000	114.944.000
Viðbótarframlög aðildarsveitarfélaga v. FSu ...		0	0	29.900.000
Húsaleigutekjur Hrísholti 8		0	0	1.995.948
Söluhagnaður		0	0	8.798.132
		<u>117.624.000</u>	<u>117.624.000</u>	<u>155.638.080</u>
Rekstrargjöld				
Stjórnunarkostnaður	8	5.367.937	4.000.000	3.761.112
Framlög til safna	9	85.250.000	89.350.000	81.574.000
Framlög til FSu	10	25.200.000	22.700.000	69.399.900
Ýmsir styrkir	11	1.574.000	1.574.000	1.574.000
Rekstrarkostnaður fasteigna	12	22.278	0	595.574
		<u>117.414.215</u>	<u>117.624.000</u>	<u>156.904.586</u>
Afkoma fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld		209.785	0	(1.266.506)
Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld				
Fjármunatekjur	13	159.100	0	509.985
Fjármagnsgjöld	14	(6.690)	0	0
		<u>152.410</u>	<u>0</u>	<u>509.985</u>
Rekstrarniðurstaða ársins	4	<u><u>362.195</u></u>	<u><u>0</u></u>	<u><u>(756.521)</u></u>

Efnahagsreikningur 31. desember 2018

	Skýr.	2018	2017
Fastafjármunir			
Langtímakröfur	3	281.489.746	285.238.351
Fastafjármunir samtals		<u>281.489.746</u>	<u>285.238.351</u>
Veltufjármunir			
Fyrirframgreiddur kostnaður		3.500.000	0
Skammtímakröfur	15	4.142.194	161.178
Handbært fé		3.651.517	11.877.394
Veltufjármunir samtals		<u>11.293.711</u>	<u>12.038.572</u>
Eignir samtals		<u><u>292.783.457</u></u>	<u><u>297.276.923</u></u>
Eigið fé			
Eigið fé	4	4.241.958	3.879.763
Eigið fé samtals		<u>4.241.958</u>	<u>3.879.763</u>
Langtímaskuldir			
Langtímalán	5	269.991.846	275.241.199
Langtímaskuldir samtals		<u>269.991.846</u>	<u>275.241.199</u>
Skammtímaskuldir			
Næsta árs afborganir langtímalána	5	14.197.578	13.294.671
Skammtímaskuldir	16	4.352.075	4.861.290
Skammtímaskuldir samtals		<u>18.549.653</u>	<u>18.155.961</u>
Skuldir samtals		<u>288.541.499</u>	<u>293.397.160</u>
Eigið fé og skuldir samtals		<u><u>292.783.457</u></u>	<u><u>297.276.923</u></u>

Sjóðstreymisyfirlit árið 2018

	Skýr.	2018	2017
Rekstrarhreyfingar			
Rekstrarniðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi	4	362.195	(756.521)
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Söluhagnaður		0	(8.798.132)
Veltufé frá (til) rekstrar		362.195	(9.554.653)
 Breytingar rekstartengdra eigna og skulda:			
Skammtímakröfur, (hækkun) lækkun		(7.481.016)	1.800.596
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun		(509.215)	409.743
Breytingar rekstartengdra eigna og skulda		(7.990.231)	2.210.339
Handbært fé (til) rekstrar		(7.628.036)	(7.344.314)
 Fjárfestingarhreyfingar			
Greitt stofnframlag til FSu		0	(30.000.000)
Greidd vaxtagjöld af láni vegna stofnframlags til FSu	3	(9.805.641)	(9.980.225)
Framlög sveitarfélaga vegna stofnframlags til FSu	3	22.700.000	30.000.000
Seldir rekstrarfjármunir		0	9.500.000
		12.894.359	(480.225)
 Fjármögnunarhreyfingar			
Afborganir langtímalána		(13.492.200)	(12.733.401)
Fjármögnunarhreyfingar		(13.492.200)	(12.733.401)
 Breyting á handbæru fé			
		(8.225.877)	(20.557.940)
 Handbært fé í årsbyrjun			
		11.877.394	32.435.334
 Handbært fé í árslok			
		3.651.517	11.877.394

Skýringar

1. Reikningsskilaaðferðir

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum og byggir á kostnaðarverðsreikningsskilum.

Fjárhagsáætlun byggðasamlagsins fyrir árið 2018 er birt í ársreikningnum til samanburðar.

Byggðasamlagið annast yfirstjórn og rekstur eftirtalinnna stofnana fyrir hönd þeirra sveitarfélaga sem eru aðilar að byggðasamlaginu:

Listasafn Árnesinga
Byggðasafn Árnesinga
Héraðsskjalasafn Árnesinga
Tónlistarskóli Árnesinga
Almannavarnir Árnessýslu
Brunavarnir Árnessýslu

Gerð eru sérstök reikningsskil fyrir þessar stofnanir.

2. Varanlegir rekstrarfjármunir

Byggðasamlagið á helmings eignarhlut í jörðunum Alviðru og Öndverðarnesi á móti Landvernd. Jarðir þessar voru í eigu Sýslunefndar Árnessýslu og urðu eign Héraðsnefndar Árnesinga þegar hún tók við hlutverki sýslunefndarinnar. Jarðir þessar hafa ekki verið skráðar til verðs í ársreikningnum.

3. Langtímakröfur

Langtímakröfur greinast þannig:

	Staða
Staða í ársbyrjun	285.238.351
Vaxtagjöld af láni vegna stofnframlags til FSu	9.805.641
Verðbætur af láni vegna stofnframlags til FSu	9.145.754
Framlög sveitarfélaga vegna stofnframlags	(22.700.000)
	<u>281.489.746</u>

Héraðsnefndin sér um að fjármagna hlutdeild sveitarfélaganna í Árnessýslu í stofnframlagi vegna viðbyggingar við Fjölbrautaskóla Suðurlands (FSu). Á árinu 2016 tók nefndin lán hjá Lánasjóði sveitarfélaga til 18 ára til að fjármagna framlagið, sbr. skýringu nr. 5. Greidd stofnframlög til FSu og kostnaður af fjármögnuninni er færður sem langtímakrafa í efnahagsreikningi. Sveitarfélögin munu greiða framlög til nefndarinnar á næstu árum til að mæta þessum útgjöldum og verða þau færð til lækkunar á langtímakröfunni.

4. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikning:

	Eigið fé
Staða 1.1.2018	3.879.763
Rekstrarniðurstaða ársins	362.195
Staða 31.12.2018	<u>4.241.958</u>

Skýringar, frh.

5. Langtímaskuldir

Lánveitandi	Vísitala	Gjaldmiðill	Vaxtakjör	Staða
Lánasjóður sveitarfélaga	nvt	ISK	3,4%	284.189.424
Næsta árs afborganir				(14.197.578)
Langtímaskuldir í efnahagsreikningi				<u>269.991.846</u>

Afborganir langtímaskulda greinast þannig á næstu ár:

Árið 2019	14.197.578
Árið 2020	14.684.398
Árið 2021	15.187.912
Árið 2022	15.708.691
Árið 2023	16.247.326
Síðar	<u>208.163.519</u>
	<u>284.189.424</u>

6. Framlög aðildarsveitarfélaga

	2018	Fjárhagsáætlun 2018	2017
Bláskógabyggð	8.080.769	8.080.769	7.827.686
Flóahreppur	4.857.871	4.857.871	4.712.704
Grímsnes- og Grafningshreppur	4.328.563	4.328.563	4.241.434
Hrunamannahreppur	5.704.764	5.704.764	5.689.728
Hveragerðisbær	17.537.738	17.537.738	17.345.050
Skeiða- og Gnúpverjahreppur	4.657.910	4.657.910	4.298.906
Sveitarfélagið Árborg	57.282.889	57.282.889	56.000.716
Sveitarfélagið Ölfus	15.173.496	15.173.496	14.827.776
	<u>117.624.000</u>	<u>117.624.000</u>	<u>114.944.000</u>

7. Viðbótarframlög aðildarsveitarfélaga v. FSu

Bláskógabyggð		2.036.190
Flóahreppur		1.225.900
Grímsnes- og Grafningshreppur		1.103.310
Hrunamannahreppur		1.480.050
Hveragerðisbær		4.511.910
Skeiða- og Gnúpverjahreppur		1.118.260
Sveitarfélagið Árborg		14.567.280
Sveitarfélagið Ölfus		3.857.100
	<u>0</u>	<u>29.900.000</u>

Skýringar, frh.

	2018	Fjárhagsáætlun 2018	2017
8. Stjórnunarkostnaður			
Nefndarlaun	2.006.955		1.263.617
Stjórnun og bókhald	1.171.132		1.132.622
Launatengd gjöld	498.245		381.256
Fundakostnaður	504.700		70.400
Endurskoðun og reikningsskil	639.475		671.575
Aðkeypt önnur sérfræðipjónusta	38.700		12.964
Heimasíðugerð og þjónusta	508.730		228.230
Annar kostnaður	0		448
	<u>5.367.937</u>	<u>4.000.000</u>	<u>3.761.112</u>
9. Framlög til safna			
Héraðsskjalasafn Árnesinga	27.050.000	27.050.000	24.100.000
Byggðasafn Árnesinga	30.200.000	30.200.000	28.950.000
Listasafn Árnesinga	28.000.000	32.100.000	28.524.000
	<u>85.250.000</u>	<u>89.350.000</u>	<u>81.574.000</u>
10. Framlög til FSu			
Gjaldfært stofnframlag til FSu	22.700.000	22.700.000	30.000.000
Tækjakaupaframlag til FSu	0	0	39.399.900
FabLab samningur	2.500.000	0	0
	<u>25.200.000</u>	<u>22.700.000</u>	<u>69.399.900</u>
11. Ýmsir styrkir			
Samband sunnlenskra kvenna	255.000	255.000	255.000
Björgunarsveitir Árnessýslu	255.000	255.000	255.000
Héraðssambandið Skarphéðinn	1.064.000	1.064.000	1.064.000
	<u>1.574.000</u>	<u>1.574.000</u>	<u>1.574.000</u>
12. Rekstrarkostnaður fasteigna			
Rekstrarkostnaður Hrísholts 8	0		595.574
Rekstrarkostnaður Öndverðarnes	22.278		0
	<u>22.278</u>	<u>0</u>	<u>595.574</u>
13. Fjármunatekjur			
Vaxtatekjur	203.975		637.482
Fjármagnstekjuskattur	(44.875)		(127.497)
	<u>159.100</u>	<u>0</u>	<u>509.985</u>
14. Fjármagnsgjöld			
Vaxtagjöld af langtímaláni	(9.805.641)		(9.980.225)
Verðbætur af langtímaláni	(9.145.754)		(5.013.771)
Fært til hækkunar langtímakröfu sbr. skýringu 3	18.951.395		14.993.996
Önnur vaxtagjöld	(6.690)		0
	<u>(6.690)</u>	<u>0</u>	<u>0</u>

Skýringar, frh.

	2018	2017
15. Skammtímakröfur		
Sveitarfélagið Árborg, uppgjör v. Hrísholts 8	3.827.542	0
Skattstjórinn v/endurkrefjanlegs vsk	314.652	161.178
	<u>4.142.194</u>	<u>161.178</u>
16. Skammtímaskuldir		
Áfallnir vextir	2.308.250	2.343.552
Ógreidd lífeyrissjóðsiðgjöld	389.888	295.584
Ógreidd staðgreiðsla	1.410.771	1.063.701
Ógreitt tryggingagjald	235.480	177.658
Sveitarfélagið Árborg	0	969.245
Ýmis ógreiddur kostnaður	7.686	11.550
	<u>4.352.075</u>	<u>4.861.290</u>